

Samband íslenskra sjóminjasafna
Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 18

Bátaskrá

Menningarmiðstöðvar

Hornafjarðar



Helgi Máni Sigurðsson
2019

Inngangur

Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu á sex báta. Þeir bera á athyglisverðan hátt vitni um hvernig íbúar sýslunnar björguðu sér við óvenjulegar aðstæður.

- Í Öræfum eru hafnleysur og því þurftu Öræfingar að fá sér uppskipunarbát til að sækja og skila vörum í strandflutningskip sem lagt var úti fyrir ströndinni.
- Höfn í Hornafirði er úti á tanga og það stytti leiðina þangað umtalsvert að komast þangað með ferju frá Nesjum. Auk þess voru Hornafjarðarfljót og fleiri vatnsföll á leiðinni ef farið var landveginn.
- Beggja megin Hafnar eru grunnir firðir sem að mestu eru lokaðir af sandskerjum. Þar voru stundaðar veiðar á kola, lúru, síld og loðnu á litlum, grunnsigldum bátum.
- Enn gjöfulli fiskimið voru fyrir utan skerin og voru þau sótt á útsjávarskipum svokölluðum, sem líktust skipum Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga.
- Einn bátaflokkurinn enn var lóðsbátarnir. Innsiglingin til Hafnar var þróng og erfið og breyttist iðulega milli ára því að sandflákarnir færðust til. Þes vegna var mikilvægt að leiðbeina skipum í gegnum hana.

Byggðasafnið á sýnishorn af öllum þessum ólíku gerðum báta.

Aftan við bátaskrána eru síðan tvær myndir af fiskiskipinu Akurey SF 52, sem stundaði mikið síldveiðar. Það stendur við höfnina, að hluta grafið niður í möl.



Ræði á Báru. Ljósm. HMS

Efnisyfirlit

Höfrungur	3
Dvergur	7
Óskarsbátur	12
Bára	16
Bátur Sigurðar Filipusonar	19
Bárur Bjarna Sveinssonar	23
Akurey SF 52	26



Skreiðarskemma Skinneyjar Fiskaness á Höfn, sem hýsir báta- og sjóminjasýningu Byggðasafnsins, 2017. Ljósm.: HMS



Höfrungur, 1995. Ljósm. Jón Allansson.

Höfrungur

- 1. Safnnúmer:**
- 2. Tegund:** Árabátur; sexæringur
- 3. Hlutverk:** Flutningabátur, uppskipunarbátur
- 4. Eigandi:** Menningarmiðstöð Hornafjarðar; Byggðasafn
- 5. Fyrri eigendur:** ?
- 6. Varðveislustaður:** Gamla réttin, í sláтурhúsinu á Fagurhólsmýri

- 7. Smíðaár:** Um eða upp úr 1920
- 8. Smiður:** Erlendur Björnsson frá Vík í Mýrdal, f. 1864
- 9. Smíðastaður:**
- 10. Brúttórúmlestir:**

- 11. Lengd, breidd og dýpt í m:** 8.85 x 2,85 x 1.00 (hæð frá lunningu)¹

Hæð á stefni: 1.55. Hæð á skut: 1.30

¹ Björn Arnarson bréf 2019



Höfrungur, nýleg mynd. Ljósm. Björn Arnarson.

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Öræfingar notuðu bátinn við upp- og útskipun, m.a. úr vélbátnum Skaftfellingi, sem stundaði áætlunarsiglingar frá Reykjavík austur með suðurströnd landsins. Tvisvar til þrisvar á ári fór hann austur undir Öræfi.

Ekki er minnst á að Höfrungur hafi verið notaður til róðra og er ein ástæðan etv. sú að lendingarskilyrði voru erfið í Öræfum. Þau voru strax betri í Suðursveit.²

21. Sögulegit atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Erlendur Björnsson

² Arnbjör Gunnarsson: Saga Hafnar í Hornafirði Fyrra bindi bls. 14-15

Smiður bátsins, Erlendur Björnsson, f. 1864, og kona hans, Ragnhildur Gísladóttir, bjuggu í Engigerði í Mýrdal. Voru þau síðar meðal fyrstu landnema í Vík í Mýrdal, þ.e. Víkurkauptúni. Erlendur stundaði allskonar smíðar en fékkst þó einkum við húsasmíðar og skipasmíði. Á vetrum stundaði hann sjó og var heppinn formaður.³

22. Ástand báts: Gott / sæmilegt⁴

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir: Hann er í ágætis ásigkomulagi nema að kjölur er orðinn lélegur og er í ágætis geymslu þar sem hann stendur réttur.⁵

25. Heimildir:

- „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Skýrsla Byggðasafns Austur Skaftafellssýs (án dagsetningar en líklega 2001). Handrit í skjalasafni Hornafjarðarsafna.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna Á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- „Einar Erlendsson Vík í Mýrdal.“ Afmælisgrein. Morgunblaðið 1. febr. 1955, s. 7.
- Arnþór Gunnarsson: Saga Hafnar í Hornafirði. Fyrra bindi. Hornafj. 1997.
- Björn Arnarson: Bréf til HMS 15.1. 2019

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Sjóflutningar voru mjög mikilvægir fyrir Öræfasveit áður en samgöngur á landi bötnuðu. Ekki síst voru jökulárnar á Suðurlandi farartálmar, m.a. Skeiðará, og vegtenging fékkst ekki vestur á bóginn fyrr en þær voru brúaðar.



Höfrungur, nýleg mynd. Hann er geymdur undir plasti í skemmu. Ljósm. Björn Arnarson.

³ „Einar Erlendsson Vík í Mýrdal.“ Morgunblaðið 1. febrúar 1955, s. 7.

⁴ „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Skýrsla Byggðasafns Austur-Skaftafellssýs

⁵ Björn Arnarson bréf 2019



Dvergur undir seglum í Skreiðarskemmunni á Höfn, 2017. Ljósm. HMS

Dvergur

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Fiskibátur; hafnsögubátur

4. Eigandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Byggðasafn

5. Fyrri eigendur: ?

6. Varðveislustaður: Sýning í Skreiðarskemmunni, Höfn

7. Smíðaár: 1932

8. Smiður: Björn Eymundsson (1872-1947), hafnsögumaður í Lækjarósi, Höfn, Hornafirði.

Björn var hafnsögumaður á árunum 1910-1942 og fékk hann greitt fyrir hvert skip sem hann lóðsaði. Hann hafði einnig það hlutverk að halda siglingamerkjum við og mæla skipaleiðina á

vori hverju.

Björn smíðaði fjölda báta framan af 20. öld, rúmlega 200 talsins, með sérstöku lagi sem hentaði aðstæðum þar eystra, bæði kjölbáta og flatbotna báta. Dvergur er talinn góður fulltrúi kjölbáta Björns.⁶

9. Smíðastaður: Höfn, Hornafirði

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,20 x 1,66 x 0,42⁷

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

Lúðvík Kristjánsson lýsti bátnum og eiginleikum hans á þessa leið:

„Dvergur er mikill skábyrðingur, mjög breiður miðað við lengd en ekkert lotaður. Hann hefur verið léttur í sjó tómur en þungur hlaðinn sökum breiddarinnar. Miðað við stærð er góður útsláttur á söx og á skut að ofan. En vegna þess hve báturinn er kjöllangur hefur ekki verið auðvelt að sigla honum í beitivindi.“⁸

Orðið sax merkir hér líklega skipsstefni. Lúðvík Kristjánsson setur Dverg í flokk sandabáta. Lag hans hefur líka einkenni sandalags, sem er grunnskreiður og breiður. Í Sögu Hornafjarðar talar Arnþór Gunnarsson um fjarðbáta. Þeir séu grunnskreiðir og léttir undir árum.⁹



Stefni Dvergs. Ljósm. HMS 2017

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

⁶ Arnþór Gunnarsson bls. 298, Lúðvík Kristjánsson bls. 265.

⁷ Jón Allansson 1995


⁸ Lúðvík Kristjánsson bls. 265.

⁹ Lúðvík Kristjánsson bls. 265. Arnþór Gunnarsson bls. 285-6


17. Möstur og seglabúnaður: Hann var með einni siglu og tveimur seglum. Sjá seglateikningu á bls. 11.

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Teikning af Dvergi.¹⁰



Þversnið af Dvergi í bókinni Íslenskir sjávarhættir.¹¹

¹⁰ Lúðvík Kristjánsson bls. 264. Teiknað 1980.

¹¹ Lúðvík Kristjánsson bls. 264-265

20. Notkunarsaga:

Báturinn var notaður til veiða inni á fjörðum, Hornafirði og Skarðsfirði, innfjarðabátur, sérstaklega hannaður til siglinga á grunnsævi.¹² Hann var einnig notaður sem hafnsögubátur og þá farið út fyrir ós á Höfn.¹³


21. Sögulegit atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Hrakningar Björns Eymundssonar

Líklegt er að Björn hafi verið á Dverg þegar eftirfarandi atburður átti sér stað. Frásögnin er úr minningargrein um hann.

„Björn var ekki hugdeigur maður, hugrekki og dirfska voru sterkir þættir í skapgerð hans, en oft komst hann í krappan dans við Ægi, og oftar en um er vitað, því hann hafði hættur þær og mannaþraunir lítt í hámæli, sem hann í lenti. Alkunnugt er þó, er hann á síðustu hafnsöguárum sínum fylgdi skipi út úr ósnum, seinni hluta dags um hávetur, og var einn á litlum árabát, en náði ekki ósnum aftur vegna straums og veðurs, er fór hvessandi. Varð hann því að láta hrekjast frá landi undan veðri, eftir að náttmyrkur var á dottið, án þess að vart yrði úr landi.

Alla þessa löngu vetrarnótt varð hann að láta bátinn berast eins og straumur og veður félle, en komst að lokum, mjög þrekaður, undir morgun, í færeyskt fiskiskip á Mýraflóa, sem síðan skilaði honum til Hornafjarðar eftir hálfs annars sólarhrings burtveru. Var Björn þá nær sjötugur að aldri, og hefðu fáir þolað slíka þrekraun.“¹⁴



Kortið sýnir hrakninga Björns Eymundssonar.¹⁵

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki - breytingasaga:

¹² Jónas Egilsson: Morgunblaðið 12. júní 1980

¹³ Jón Allansson bls. 44

¹⁴ Dánarminning (um Björn Eymundsson sem smíðaði bátinn).

¹⁵ Arnþór Gunnarsson: Saga Hafnar í Hornafirði II

24. Viðhald og viðgerðir:

Viðgerðasagan hefur ekki verið skráð. Hann er heillegur að flestu öðru leyti en því að brotnað hefur af borðstokknum.

25. Heimildir:

- Arnþór Gunnarsson: Saga Hafnar í Hornafirði I. Hornafjörður 1997.
- Dánarminning (um Björn Eymundsson sem smíðaði bátinn). Heimskringla 3. okt. 1947
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna Á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Sýrsla Byggðasafns Austur Skaftafellssýs (án dagsetningar en líklega 2001). Handrit í skjalasafni Hornafjarðarsafna


26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Dvergur er annar elsti bátur byggðasafnsins og elsti fiskibáturinn. Hann er ekki síst merkilegur fyrir bátslugið; hann er innfjarðabátur. Ennfremur er hann eini bátur Byggðasafnsins sem Björn Eymundsson, afkastamikill bátasmiður, smíðaði.



Skutur Dvergs. Ljósm. HMS 2017



Seglateikning fyrir Dverg. Teikning: BB¹⁶

¹⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 265.



Bára, 2017. Ljósm. HMS

Bára

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; sexæringur

3. Hlutverk: Fiskibátur; útsjávarbátur

4. Eigandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Byggðasafn

5. Upphaflegir eigendur:

Benedikt Þórðarson, Kálfafelli, sem var formaður á Bárunni: 1 hlut
Jóhann Klemens Björnsson, Brunnum: 1 hlut

Bjarni Jónsson, Uppsölum: 1 hlut

Karl Bjarnason, Smyrlabjörgum: 1 hlut

Sigurjón, Baldur og Snorri Jónssynir, Smyrlabjörgum: 2 hluti

Ragnar Sigfússon, Skálafelli: 1 hlut

Jón Gíslason, Skálafelli: 1 hlut

Alls 8 hlutir¹⁷

6. Varðveislustaður: Sýning í Skreiðarskemmuni, Höfn

7. Smíðaár: 1953

8. Smiður: Skarphéðinn Gíslason á Vagnsstöðum, Suðursveit (1895-1974), síðasti báturinn sem hann smíðaði.¹⁸

9. Smíðastaður: Vagnstaðir

¹⁷ Björn Arnarson bréf 2019

¹⁸ Skarphéðinn Gíslason Vagnsstöðum, s. 1-4

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: $7,5 \times 2,26 \times 0,7$ ¹⁹

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Fjarðbátur

14. Pilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Skutur Báru, 2017. Ljósm. HMS

20. Notkunarsaga:

Bátar af þessari gerð voru notaðir sem útsjávarbátar úr Suðursveit, þ.e. til veiða utan grunnsævis. Frá Suðursveit voru venjulega gerðir út fimm sexæringar með níu til tólf manna á höfn á seinni hluta 19. aldar og fram á þá tuttugustu. Útróðrastaður Suðursveitunga var á Bjarnahraunssandi.²⁰

Árið sem Bára var smíðuð, 1953, var tími róðra á árabátum lokið að mestu og vélbátar teknir við. Nokkrir menn í Suðursveitinni, þar á meðal bátasmiðurinn, Skarphéðinn á Vagnsstöðum, stóðu þó að smíði bátsins og réru á honum. Hve fast þeir sóttu sjóinn er ekki ljóst og heldur ekki í hve mörg ár bátnum var róið. En líklegt er að menn hafi farið í nokkra róðra á hverju ári þegar vel gaf.

Kosturinn við þessa tegund útgerðar var að hún var ódýr, rekstrarkostnaður var líttill, og þeir menn sem tóku þátt voru bæði verk- og staðkunnugir ef að líkum lætur. Enn femur mun hafa

¹⁹ Mælt 2017 (ytra mál)

²⁰ Arnþór Gunnarsson I bls. 15

verið mjög stutt á miðin frá Bjarnahraunssandi. Aflinn hefur sennilega farið að mestu til heimabréuks. Þeir sem hlut áttu í Báru voru níu bændur í nærliggjandi sveitum.²¹

Útgerð Báru er kannski til vitnis um hve afskekkt og einöngruð Austur-Skaftafelssýsla var enn á þessum tíma, fyrir brúun Skeiðarár. Þess má geta að Skarphéðinn á Vagnsstöðum mun hafa verið áhugamaður um forna þjóðhætti, sbr. að hann var í fyrstu stjórni byggðasafns sýslunnar frá árinu 1964 og jafnvel til dauðadags, 1974.²²

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Skarphéðinn Gíslason kynntist ungar að árum Birni Eymundssyni smið og hafnsögumanni í Lækjarnesi. Björn hafði búið í Vesturheimi um skeið og hafði kynnst ýmsu gagnlegu í þarlendu athafnalífi.

Í Lækjarnesi dvaldist Skarphéðinn síðan nokkurn tíma, nam bátasmiði af Birni og lagði upp frá því stund á smíði smærri og stærri báta fyrir allmarga Austur-Skaftfellinga. Hann smíðaði bæði Báru og Óskarsbát.²³

22. Ástand báts: Gott²⁴

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Arnþór Gunnarsson: Saga Hafnar í Hornafirði I, Hornafirði 1997
- „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Skýrsla Byggðasafns Austur-Skaftafelssýsu (án dagsetningar en líklega 2001). Handrit í skjalasafni Hornafjarðarsafna.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- Skarphéðinn Gíslason Vagnsstöðum. Íslendingaþættir Tímans 5.4. 1975, s. 1-4.
- Björn Arnarson safnvörður, viðtal við HMS 2017 og bréf 15.1. 2019

26. Varðveislustaða: Safngripur.

27. Almenn umsögn:

Bára er vel varðveitt. Hún er ekki frá árabátatímanum eins og hann er venjulega skilgreindur en eini útsjávarbátur Austur-Skaftfellinga í eigu Byggðasafnsins. Þeir voru algengustu og mikilvægustu bátar sýslunnar þótt aðrir hafi verið nauðsynlegir sömuleiðis.

²¹ Björn Arnarson viðtal 2018


²² Arnþór Gunnarsson II bls. 452. Skarphéðinn Gíslason Vagnsstöðum, Suðursveit

²³ Skarphéðinn Gíslason Vagnsstöðum, Suðursveit, s. 2

²⁴ „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Skýrsla Byggðasafns Austur Skaftafelssýslu



Horft ofan í skut Báru, 2017. Stýrið liggur á þóftunni. Ljósm. HMS



Barki Báru, 2017. Ljósm. HMS



Óskarsbátur, 2017. Ljósm. HMS

Óskarsbátur

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; líklega fjögurra manna far

3. Hlutverk: Fiskibátur; innfjarðabátur (koli, loðna, síld, þorskur, lúra ...)

4. Eigandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Byggðasafn

5. Fyrri eigendur:

– Óskar Guðnason²⁵

6. Varðveislustaður: Sýning í Skreiðarskemmuni, Höfn

7. Smíðaár: Um 1940

8. Smiður: Skarphéðinn Gíslason á Vagnsstöðum, Suðursveit (1895-1974)

9. Smíðastaður: (Vagnsstöðir?)

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,40 x 1,68 x 0,5²⁶

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

13. Skrokklag: Fjarðabátur; breiður, fremur grunnskreiður

14. Pílför:

15. Yfirbygging:

²⁵ Björn Arnarson viðtal 2018

²⁶ Mældur í nóv. 2017 (ytri mál)

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Gat er í fremstu þóftu fyrir siglu.

18. Vél: Lítill utanborðsmótör af Champion-gerð.

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Afturhluti Óskarsbáts og utanborðsmótörinn, 2017. Ljósm. HMS

20. Notkunarsaga: Báturinn var aðallega notaður til fiskveiða innan fjarða.²⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Skarphéðinn Gíslason

Smiður bátsins, Skarphéðinn Gíslason, lagði stund á smíði smærri og stærri báta fyrir allmarga Austur-Skaftfellinga. Hann smíðaði bæði Báru og Óskarsbát.²⁸

Óskar Guðnason

Óskar Guðnason (1908 - 1992), eigandi bátsins, starfaði lengi sem bifreiðastjóri. Þegar frystihúsíð var stofnsett á Höfn 1952 var Óskar fenginn til að stjórna því. Óskar tók virkan þátt í félagsmálum og var um árabil formaður hafnarnefndar. Hann stundaði mikið silungsveiði úti á firði.²⁹

22. Ástand báts: Gott.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

²⁷ Jón Allansson 1995

²⁸ Skarphéðinn Gíslason Vagnsstöðum, Suðursveit, s. 2

²⁹ Halldór Ásgrímsson: Minningargrein, Morgunblaðið 26. maí 1992

- „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Skýrsla Byggðasafns Austur-Skaftafellssýs (líklega árið 2001). Handrit í skjalasafni Hornarfjarðarsafna.
- Björn Arnarson, viðtal 2018
- Skarphéðinn Gíslason Vagnsstöðum, Suðursveit. Íslendingabættir Tímans 5.4. 1975
- Halldór Ásgrímsson: Minningargrein, Morgunblaðið 26. maí 1992
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Óskarsbátur er í góðu ástandi og er góður fulltrúi innfjarðabáta sem Hornfirðingar áttu og notuðu í talsverðum mæli. Þekktur bátasmiður smíðaði hann.



Óskarsbátur, 2017. Ljósm. HMS



Bátur Sigurðar Filipussonar, 2017. Ljósm. HMS

Bátur Sigurðar Filipussonar

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, fjórróinn framan af, síðar með utanborðsmótum

3. Hlutverk: Fólksflutningabátur; fiskibátur (innfjarðabátur)

4. Eigandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar; Byggðasafn

5. Fyrri eigendur:

- 1948-1965: Sigurður Filipusson (fyrsti eigandi)
- 1965-1967: Ragnar Jónsson frá Árnanesi
- 1967: Jóhann Albertsson hafnsögumaður
- Tengdasonur Jóhanns, Rögnvaldur Gísli Einarsson frá Djúpavogi
- Gísli Arason (safnvörður; síðasti eigandi) ³⁰

6. Varðveislustaður: Sýning í Skreiðarskemmunni, Höfn

7. Smíðaár: 1948

8. Smiður: Sigurður Filipusson

9. Smíðastaður: Hólabrekka á Mýrum

10. Brúttórúmlestir:

³⁰ „Bátur Sigurðar Filipussonar.“ Heimild: Gísli Arason.

11. Lengd og breidd í m: 3,9 x 1,45³¹

12. Smíðaefni og samsetning skrokks:

Eik (stefni) og fura; skarsúð. Báturinn er með svigabönd og er eirseymdur.³²

13. Skrokklag: Breiður og grunnskreiður

14. Pilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: ?

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Bátur Sigurðar Filipussonar, 2017. Ljósm. HMS

20. Notkunarsaga:

Sigurður Filipusson bjó á Hólubrekkju 2, Mýrum, á árunum 1940-1965. Hann var með einskonar áætlunarferðir milli Mýrahrepps og Hafnar og notaði til þess tvo báta. Annar þeirra var 4 tonna vélbátur til þungaflutninga, hinn var þessi litli ef skjótast þurfti með einn eða fleiri farþega einhværra erinda austur yfir fjörðinn. Þegar brú kom á Hornafjarðarfljót og fleiri fallvötn og bílar urðu algengari lögðust þessar ferðir niður og Sigurður seldi báða bátana.

Þennan minni keypti Ragnar Jónsson frá Árnanesi, Höfn, og átti hann í tvö ár. Þá eignaðist Jóhann Albertsson hafnsögumaður bátinn og notaði til silungsveiða í Hornafirði um margra ára skeið.

³¹ Mældur í október 2017 (ytri mál)

³² Bátur Sigurðar Filipussonar

Þegar trefjaplastbátar ruddu sér til rúms seldi Jóhann tengdasyni sínum bátinn sem flutti sama ár til Djúpavogs og hafði bátinn með sér. Þaðan flutti fjölskyldan til Eskifjarðar og að lokum til Hafnarfjarðar.

Báturinn varð eftir á Eskifirði, var skilinn eftir í fjörunni. Þar rakst Gísli Arason á flakið, þekkti það, kannaði skemmdir og keypti síðan og flutti heim á Höfn. Þar gerði hann bátinn sjófæran og notaði um 12 ára skeið til til silungs- og lúruveiða í Hornafirði.³³

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Sigurður Filippusson var annálaður smiður á bæði tré og járn. Í byggðasafninu eru nokkrir smíðisgripir eftir hann, m.a. reiðhjól með gírum frá árinu 1940.³⁴

22. Ástand báts: Sæmilegt.

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Árið 1988 tók Gísli Arason, síðasti eigandi bátsins (síðar safnvörður), aftan af bátnum og og setti gafl á hann úr krossviði.³⁵

24. Viðhald og viðgerðir:

Árið 1988 setti Gísli Arason ný sveigabönd á bátinn allt fram að andófsþóftu. Einnig endurnýjaði hann nokkuð í borðstokknum og setti á bátinn nýjan kjöl.³⁶ Hann er þó í fremur löku ástandi núna, sérstaklega borðstokkar en einnig stefni o.fl.

25. Heimildir:

- „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Sýrsla Byggðasafns Austur Skaftafellssýsu (án dagsetningar en líklega 2001). Handrit í skjalasafni Hornafjarðarsafna.
- „Bátur Sigurðar Filippussonar.“ Kaflí úr skýrslunni „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Sýrsla Byggðasafns Austur Skaftafellssýsu.
- Jónas Egilsson: „Byggðasafn í Austur-Skaftafellssýslu opnað.“ Morgunblaðið 12. júní 1980, bls. 12.
- Jón Allansson: Skýrsla. Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. Haust 1995
- Björn Arnarson, viðtal 2017

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:


Báturinn þjónaði um skeið sem mikilvægt samgöngutæki milli Mýra og Hafnar í Hornafirði. Hann er í löku ástandi og talsvert breyttur eftir að gafl var settur á hann.

³³ Bátur Sigurðar Filippussonar.

³⁴ Jónas Egilsson 1980

³⁵ Bátar í eigu Byggðasafns

³⁶ Bátur Sigurðar Filippussonar. Heimild: Gísli Arason.



Bátur Sigurðar Filipussonar, 2017. Það vantar á borðstokkinn
öðrum megin og hinum megin er hann laus frá að hluta. Ljósm. HMS



Bátur Sigurðar Filipussonar, 2017. Stefnið er áberandi fúið. Ljósm. HMS



Bátur Bjarna Sveinssonar, 2017. Ljósm. HMS

Bátur Bjarna Sveinssonar

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Veiðibátur; fiskibátur

4. Eigandi: Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Byggðasafn

5. Fyrri eigendur:

– Þorgils Bjarni Sveinsson frá Sléttaleiti, Suðursveit. Síðar búsettur á Höfn.

6. Varðveislustaður: Sýning í Skreiðarskemmuni, Höfn

7. Smíðaár: 1920-1930 (líklega)

8. Smiður: Björn Eymundsson (1872 – 1947), bóndi og hafnsögumaður í Lækjarnesi, Nesjum.³⁷ Hann smíðaði einnig Dverg.

9. Smíðastaður: (Lækjarnes)

10. Brúttórúmlestir: ?

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,55 x 1,64 x 0,55³⁸

³⁷ Dánarminning Björns Eymundssonar

³⁸ Mældur árið 2018 (ytri mál)

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrðingur

13. Skrokklag: Breiður, grunnskreiður

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Sennilega ekki

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Bátur Bjarna Sveinssonar, 2017. Lítill gafl er á honum að aftan. Ljósm. HMS

20. Notkunarsaga:

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Þegar ekið er eftir hringveg eitt í austur þar sem hann liggar meðfram Steinafjalli í Suðursveit blasir við eyðibýli uppi í hlíðinni, Sléttaleiti. Nafnið er öfugmæli því að bærinn er í brattri fjallshlíð undir hrikalegum hömrum.

Þar bjuggu foreldrar Bjarna Sveinssonar (1934-1996), eiganda bátsins, á árunum 1935-1951 og þar ólst hann upp ásamt Guðrúnu (1932-2011), systur sinni. Bjarni flutti ásamt foreldrum sínum og systur að Dynjanda í Nesjum árið 1951 og síðar til Hafnar. Þar rak hann m.a. söluskála.³⁹

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Fjögur efstu borðin eru úr vatnsheldum krossviði; annað er að mestu upprunalegt.⁴⁰

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

³⁹ Arnþór Gunnarsson II bls. 320-321

⁴⁰ Björn Arnarson viðtal

- „Bátar í eigu Byggðasafns.“ Skýrsla Byggðasafns Austur Skaftafellssýslu (líklega frá árinu 2001). Handrit í skjalasafni Hornafjarðarsafna.
- Dánarminning Björns Eymundssonar. Heimskringla 3. okt. 1947
- Björn Arnarson viðtal 2017.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður.

27. Almenn umsögn:

Báturinn er heillegur, hann er tveggja manna far og einn af þremur elstu bátum Byggðasafnsins.




Bátur Bjarna Sveinssonar, 2017. Ljósm. HMS

Akurey SF 52 við höfnina á Höfn, 2017



*Akureyin var annálað veiðiskip og lítur vel út á yfirborðinu en er víst í slæmu ástandi. Árg. 1963
líkl. Ljósm. HMS*



Fúi og skemmdir á Akurey, 2017. Ljósm. HMS